Síldarvinnslan hf

**Samandreginn árshlutareikningur**
**samstæðu 1. janúar - 31. mars 2025**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ..... 2
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 ..... 3
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 ..... 4
Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2025 ..... 5 - 6
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 ..... 7
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 ..... 8
Skýringar ..... 9 - 14

**Síldarvinnslan hf.**
Kennitala 570269-7479
Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Vísir ehf., Sjávarmál ehf., Mar Guesthouse ehf., Samvís ehf., Vísir Gmbh., Þorvís ehf., Deutsche Salzfisch - Union Gmbh. og Pytheas Seafood P.C.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 82,6 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 7,3 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.046,5 milljónum dollara í lok tímabilsins.

Eigið fé samstæðunnar nam 648,6 milljónum dollara í lok tímabilsins en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 3,7 milljónir dollara. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 62,0% í lok tímabilsins.

*Samruni Bergs - Hugins ehf. og Bergs ehf.*
Félagið Bergur ehf., sem var í 100% eigu Bergs - Hugins ehf., hefur verið sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Bergs - Hugins ehf. eftir lok reikningsskilatímabils, samruninn tekur gildi frá og með 1. janúar 2025.

*Samruni Vísis ehf. Samvís ehf. og Þorvís ehf.*
Félögin Samvís ehf. og Þorvís ehf., sem voru í 100% eigu Vísis ehf., hafa verið sameinuð móðurfélagi sínu undir nafni Vísis ehf. eftir lok reikningsskilatímabils, samruninn tekjur gildi frá og með 1. janúar 2025.

*Áhrif náttúruhamfara í Grindavík*
Jarðhræringar sem og eldsumbrot héldu áfram á Reykjanesskaganum í nálægð við Grindavík á árinu 2025. Áframhaldandi starfsemi og rekstrargrundvöllur í Grindavík er til skoðunar en við mat á því skiptir öryggi starfsfólks og vátryggingarvernd miklu máli. Sjá nánar skýringu 9.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum ársreikninga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 22. maí 2025.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

# Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025

| | Skýringar | 2025<br>1.1-31.3 | 2024<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seldar vörur | | 82.634.484 | 81.280.584 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 0 | 90.637 |
| | | 82.634.484 | 81.371.221 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 35.998.787 | 37.809.303 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | | 22.026.550 | 21.818.197 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 2.438.874 | 2.536.970 |
| | | 60.464.211 | 62.164.470 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | **22.170.273** | **19.206.751** |
| Afskriftir fastafjármuna | 4 | 4.508.491 | 4.672.344 |
| Rekstrarhagnaður | | 17.661.782 | 14.534.407 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 1.324.925 | 1.370.149 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (4.242.275) | (5.433.074) |
| Gengismunur | | 1.957.639 | 980.072 |
| Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum | | (396.024) | 979.660 |
| | | (1.355.735) | (2.103.193) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | (5.936.159) | 1.553.808 |
| | | (5.936.159) | 1.553.808 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 10.369.888 | 13.985.022 |
| Tekjuskattur | | (3.086.838) | (2.716.472) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 7.283.050 | 11.268.550 |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt | | | |
| Eigendur félagsins | | 7.042.541 | 11.047.467 |
| Hlutdeild minnihluta | | 240.509 | 221.083 |
| | | 7.283.050 | 11.268.550 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Hagnaður eigenda félagsins af áframhaldandi starfsemi á útistandandi hlut | | 0,0038 | 0,0060 |

**Starfsþáttayfirlit** 3

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.



*Fjárhæðir í bandarískum dollurum (USD)*

# Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025

| | Skýringar | 2025<br>1.1-31.3 | 2024<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 7.283.050 | 11.268.550 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| *Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:* | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | | 15.930.640 | (6.752.797) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 23.213.690 | 4.515.753 |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Eigendur félagsins | | 22.780.782 | 4.377.310 |
| Hlutdeild minnihluta | | 432.908 | 138.443 |
| | | 23.213.690 | 4.515.753 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.



*Fjárhæðir í bandarískum dollurum (USD)*

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2025

| Eignir | Skýringar | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Fiskveiðiheimildir | | 496.772.215 | 483.158.867 |
| | | 496.772.215 | 483.158.867 |
| Rekstrarfjármunir: | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 231.272.328 | 233.113.626 |
| Leiguréttindi | | 2.224.941 | 2.237.592 |
| | | 233.497.269 | 235.351.218 |
| Fjárfestingar: | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 132.113.801 | 132.870.411 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.254.006 | 2.165.100 |
| Skuldabréfaeign | | 55.853 | 53.327 |
| | | 134.423.660 | 135.088.838 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 864.693.144 | 853.598.923 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 5 | 50.778.710 | 56.618.859 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 42.643.337 | 40.239.623 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 8.894.499 | 7.392.102 |
| Handbært fé | | 79.510.049 | 101.782.631 |
| | | 181.826.595 | 206.033.215 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 181.826.595 | 206.033.215 |
| **Eignir samtals** | | 1.046.519.739 | 1.059.632.138 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2025

## Eigið fé og skuldir

| | Skýringar | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 15.122.610 | 15.122.610 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 126.764.582 | 126.764.582 |
| Annað bundið eigið fé | | 66.546.154 | 45.893.331 |
| Óráðstafað eigið fé | | 436.522.699 | 452.081.997 |
| | | 644.956.045 | 639.862.520 |
| Hlutdeild minnihluta | | 3.672.878 | 3.239.970 |
| | | 648.628.923 | 643.102.490 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 61.530.393 | 247.382.460 |
| Leiguskuldbinding | | 1.091.824 | 1.082.538 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 103.003.486 | 100.219.413 |
| | | 165.625.703 | 348.684.411 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 19.965.605 | 17.879.126 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 7 | 164.049.389 | 9.318.620 |
| Reiknaðir skattar tímabilsins | | 2.968.276 | 12.053.169 |
| Viðskiptaskuldir | | 21.355.012 | 16.021.880 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 20.613.417 | 10.097.188 |
| Skuldir við tengd félög | 8 | 3.313.414 | 2.475.254 |
| | | 232.265.113 | 67.845.237 |
| **Skuldir samtals** | | 397.890.816 | 416.529.648 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.046.519.739 | 1.059.632.138 |
| **Aðrar upplýsingar** | 9 | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.



*Fjárhæðir í bandarískum dollurum (USD)*

# Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2024:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .................. | 15.122.610 | 126.764.582 | 63.370.670 | 436.036.960 | 3.179.252 | 644.474.074 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ............ | | | | 11.047.467 | 221.083 | 11.268.550 |
| Þýðingarmunur ..................... | | | (6.670.157) | | (82.640) | (6.752.797) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........ | | | 3.902.723 | (3.902.723) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur ........ | | | (35) | 35 | | 0 |
| | 0 | 0 | (2.767.469) | 7.144.779 | 138.443 | 4.515.753 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður ...................... | | | | (23.266.532) | | (23.266.532) |
| Staða í lok tímabils ............... | 15.122.610 | 126.764.582 | 60.603.201 | 419.915.207 | 3.317.694 | 625.723.294 |

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2025:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun .................. | 15.122.610 | 126.764.582 | 45.893.331 | 452.081.997 | 3.239.970 | 643.102.490 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ............ | | | | 7.042.541 | 240.509 | 7.283.050 |
| Þýðingarmunur ..................... | | | 15.738.241 | | 192.399 | 15.930.640 |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........ | | | 4.914.582 | (4.914.582) | | 0 |
| | 0 | 0 | 20.652.823 | 2.127.959 | 432.908 | 23.213.690 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Greiddur arður ..................... | | | | (17.687.258) | | (17.687.258) |
| | 0 | 0 | 0 | (17.687.258) | 0 | (17.687.258) |
| Staða í lok tímabils ............... | 15.122.610 | 126.764.582 | 66.546.154 | 436.522.699 | 3.672.878 | 648.628.923 |

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2024 var haldinn 20. mars 2025. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 2.349,4 milljónir kr. (17,7 milljónir USD) sem jafngildir 1,27 krónum á hlut (2024: 1,73 króna á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. mars 2025.

Há fjárhæð þýðingarmunar á tímabilinu er vegna dótturfélagsins Vísis ehf. og hlutdeildarfélagsins Arctic Fish. Félögin gera bæði upp í evrum (EUR). Vegna þessa er færður jákvæðu þýðingarmunur að fjárhæð USD 6,4 milljónir vegna Vísis ehf. og USD 4,5 milljónir vegna hlutdeildarfélagsins Arctic Fish. Jafnframt er jákvæður þýðingarmunur vegna annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga samtals fjárhæð USD 4,8 milljón.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025

| | Skýringar | 2025<br>1.1-31.3 | 2024<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | 17.661.782 | 14.534.407 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 4.508.491 | 4.672.344 |
| Aðrir liðir | | 0 | (90.636) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 22.170.273 | 19.116.115 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) | | (4.167.534) | (952.209) |
| Birgðir, lækkun | | 6.535.320 | 5.691.291 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 11.254.532 | 7.096.320 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 35.792.591 | 30.951.517 |
| Innborgaðir vextir og arðstekjur | | 626.507 | 585.283 |
| Greiddir vextir | | (5.027.913) | (5.766.702) |
| Aðrir fjármunaliðir | | 2.921.475 | 715.849 |
| Greiddur tekjuskattur | | (4.751.579) | (3.391.988) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 29.561.081 | 23.093.959 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (824.654) | (3.478.452) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 492.111 | 293.124 |
| Seldir/(keyptir) eignarhlutir í öðrum félögum | | 0 | (18.182) |
| | | (332.543) | (3.203.510) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 7 | (35.734.813) | (26.113.068) |
| Greiddur arður | | (17.687.258) | (23.270.321) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | 1.341.800 | 16.987.714 |
| | | (52.080.271) | (32.395.675) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | (22.851.733) | (12.505.226) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 101.782.631 | 81.650.166 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | 579.151 | (286.288) |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 79.510.049 | 68.858.652 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. (,,félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem ,,samstæðunnar" og til einstakra félaga sem ,,samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 22. maí 2025.

## 2. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2024. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum, tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfsþætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfsþættir falla undir liðinn *Annað*.

| 1.1.-31.3. 2024 | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur* | 35.250.548 | 60.176.172 | 11.025.315 | (20.230.743) | (4.940.708) | 81.280.584 |
| Hagnaður af sölu eigna | 0 | 54.269 | 36.368 | 0 | 0 | 90.637 |
| Kostnaðarverð seldra vara* | 12.519.371 | 40.899.998 | 9.561.385 | (20.230.743) | (4.940.708) | 37.809.303 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. | 14.481.087 | 5.513.061 | 1.824.049 | 0 | 0 | 21.818.197 |
| Annar rekstrarkostn. | 626.793 | 589.145 | 1.321.031 | 0 | 0 | 2.536.970 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 7.623.297 | 13.228.237 | (1.644.783) | 0 | (0) | 19.206.751 |
| Afskriftir fastafjármuna | (2.561.354) | (1.990.228) | (120.762) | 0 | 0 | (4.672.344) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (2.103.193) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | 1.553.808 |
| Tekjuskattur | | | | | | (2.716.472) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | | 11.268.550 |
| Fjárfestingar | 0 | (3.230.677) | (247.775) | 0 | 0 | (3.478.452) |
| Rekstrarfjármunir | 121.857.446 | 110.967.672 | 7.160.006 | 0 | 0 | 239.985.124 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 497.087.379 |
| Aðrar eignir, óskiptar | | | | | | 334.289.627 |
| Skuldir, óskiptar | | | | | | (445.638.836) |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna breyttrar flokkunar á deild hjá dótturfélagi en breytingin átti sér stað á þriðja ársfjórðungi 2024.

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

| 1.1.-31.3. 2025 | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur .................. | 37.643.536 | 59.934.379 | 11.088.774 | (21.670.590) | (4.361.616) | 82.634.484 |
| Kostnaðarverð seldra vara .................. | 13.255.091 | 39.267.657 | 9.508.245 | (21.670.590) | (4.361.616) | 35.998.787 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ...... | 14.239.699 | 5.887.059 | 1.899.792 | 0 | 0 | 22.026.550 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 532.292 | 475.190 | 1.431.392 | 0 | 0 | 2.438.874 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ................ | 9.616.454 | 14.304.474 | (1.750.655) | 0 | 0 | 22.170.273 |
| Afskriftir fastafjármuna ... | (2.434.076) | (1.922.880) | (151.535) | 0 | 0 | (4.508.491) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (1.355.735) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (5.936.159) |
| Tekjuskattur .................. | | | | | | (3.086.838) |
| Hagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 7.283.050 |
| Fjárfestingar .................. | 0 | (380.785) | (443.869) | 0 | 0 | (824.654) |
| Rekstrarfjármunir ........... | 117.044.984 | 108.158.738 | 8.293.547 | 0 | 0 | 233.497.269 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 496.772.215 |
| Aðrar eignir, óskiptar ...... | | | | | | 316.250.255 |
| Skuldir, óskiptar ............. | | | | | | (397.890.816) |

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestingum í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

| Í lok tímabils 31.3.2025: | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun ........................................................ | 51.862.355 | 116.918.686 | 64.332.582 | 233.113.626 |
| Viðbót tímabilsins .................................................................. | 273.837 | 0 | 559.072 | 832.909 |
| Bókfært verð seldra eigna .................................................... | (492.111) | 0 | 0 | (492.111) |
| Áhrif gengisbreytinga ........................................................... | 519.879 | 1.452.993 | 288.211 | 2.261.083 |
| Afskriftir ................................................................................ | (551.303) | (2.414.080) | (1.477.798) | (4.443.181) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins .............................................. | 51.612.657 | 115.957.599 | 63.702.067 | 231.272.328 |

| Bókfært verð í lok tímabilsins 31.3.2025 greinist þannig: | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð ....................................................................... | 102.918.057 | 195.843.053 | 162.940.779 | 461.701.889 |
| Afskrifað samtals .................................................................. | (51.305.400) | (79.885.454) | (99.238.712) | (230.429.561) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins .............................................. | 51.612.657 | 115.957.599 | 63.702.067 | 231.272.328 |
| Afskriftahlutfall á ári .............................................................. | 0-6% | 4-10% | 6-20% | |

| Afskriftir greinast þannig: | 1.1.-31.3.2025 | 1.1.-31.3.2024 |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna ................................................................................ | 4.443.181 | 4.605.215 |
| Afskriftir leiguréttinda og geymsluhólfa ............................................................................... | 65.310 | 67.129 |
| | 4.508.491 | 4.672.344 |

# Skýringar

## 5. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Hráefni | 4.552.739 | 2.739.345 |
| Fullunnar afurðabirgðir | 34.237.746 | 40.304.733 |
| Rekstrarvörur | 3.487.089 | 5.125.277 |
| Veiðarfæri | 8.501.136 | 8.449.503 |
| | 50.778.710 | 56.618.859 |

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 34,2 milljónir dollara þann 31.03.2025 samanborið við 40,3 milljón dollara þann 31.12.2024. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að 42,6 milljónum dollara í samanburði við 51,6 milljónir dollara í lok árs 2024.

Birgðir samstæðunnar á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok tímabilsins og byggja m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

## 6. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Almennar viðskiptakröfur | 14.888.021 | 10.042.292 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög | 28.381.176 | 30.784.530 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (625.860) | (587.199) |
| | 42.643.337 | 40.239.623 |

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli Síldarvinnslunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Síldarvinnslan hf. er með kröfufjármögnun frá viðskiptabanka félagsins. Viðskiptabankinn kaupir kröfur vegna sölu á mjöli og lýsi. Síldarvinnslan ber 5% útlánaáhættu af kröfufjármögnuninni. Samanlögð áhætta Síldarvinnunnar hf. 31.3.2025 var USD 1,1 milljónir. Engin varúðarfærsla er færð vegna kröfufjármögnunar félagsins.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig: | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (587.199) | (422.383) |
| Breyting á niðurfærslu | (18.271) | (167.909) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 0 | 3.954 |
| Áhrif gengisbreytinga | (20.390) | (860) |
| Staða í lok tímabils | (625.860) | (587.199) |

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

# Skýringar

## 7. Skuldir við lánastofnanir

| Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 111.706.561 | 145.869.301 |
| Skuldir í EUR | 95.629.581 | 93.468.705 |
| Skuldir í GBP | 4.241.550 | 4.235.078 |
| Skuldir í NOK | 10.656.126 | 9.938.778 |
| Skuldir í JPY | 3.345.964 | 3.189.218 |
| | 225.579.782 | 256.701.080 |
| Afborganir næstu 12 mánaða | (164.049.389) | (9.318.620) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 61.530.393 | 247.382.460 |

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 164.049.389 |
| Afborganir á árinu 2026-2027 | 12.591.901 |
| Afborganir á árinu 2027-2028 | 43.695.968 |
| Afborganir á árinu 2028-2029 | 1.402.597 |
| Afborganir á árinu 2029-2030 | 1.402.598 |
| Afborganir síðar | 2.437.329 |
| | 225.579.782 |

| Langtímaskuldir samtals USD 225.579.782, koma þannig fram í efnahagsreikningi: | 31.3.2025 |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda | 164.049.389 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 61.530.393 |
| | 225.579.782 |

Samstæðan er í viðræðum við viðskiptabanka sinn um endurnýjun á lánasamningum félagsins sem eru á eindaga í mars 2026, fyrir liggur vilji bankans um endurnýjun á lánasamningi. Endurnýjun lánasamningsins verður lokið fyrir árslok 2025 og mun þá næsta árs afborgun samstæðunnar lækka verulega.

| Breyting á langtímaskuldum greinist þannig: | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 256.701.080 | 302.111.238 |
| Afborganir langtímalána | (35.734.813) | (37.784.114) |
| Gengis- og þýðingarmunur | 4.613.515 | (7.626.044) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 225.579.782 | 256.701.080 |

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eiginfjárhlutfall og skuldsetningarhlutfall (Net debt to EBITDA ratio). Skilmálar lánasamninga eru prófaðir ársfjórðungslega og stóðustu allt tímabilið. Engar vísbendingar eru um að félagið standist ekki lánaskilmála við næstu útreikninga og í framtíðinni.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 805.000 | 0 |
| Skuldir í EUR | 19.160.605 | 17.879.126 |
| | 19.965.605 | 17.879.126 |

# Skýringar

## 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| **Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2024** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 1.684.357 | 1.902.683 | 1.310.321 | 492.444 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 24.576.820 | 4.409.085 | 12.882.507 | 183.443 |
| | 26.261.177 | 6.311.768 | 14.192.828 | 675.887 |

| **Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2025** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 2.296.559 | 3.356.646 | 1.892.711 | 1.056.063 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 42.764.065 | 3.746.156 | 26.488.465 | 2.257.351 |
| | 45.060.624 | 7.102.802 | 28.381.176 | 3.313.414 |

Kröfur á tengda aðila eru tilkomnar vegna hefðbundinna viðskipta og eru því tilgreindar meðal viðskiptakrafna.

Í efnahagsreikningi eru viðskiptakröfur á tengda aðila færðar meðal viðskiptakrafna. Sjá umfjöllun í skýringu 6 um kröfur og niðurfærslu vegna erlendra viðskiptakrafna.

## 9. Önnur mál

***Samruni Bergs - Hugins ehf. og Bergs ehf.***

Félagið Bergur ehf., sem var í 100% eigu Bergs - Hugins ehf., hefur verið sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Bergs - Hugins ehf. frá og með 1. janúar 2025.

***Samruni Vísis ehf. Samvís ehf. og Þorvís ehf.***

Félögin Samvís ehf. og Þorvís ehf., sem voru í 100% eigu Vísis ehf., hafa verið sameinuð móðurfélagi sínu undir nafni Vísis ehf. frá og með 1. janúar 2025.

***Áhrif náttúruhamfara í Grindavík***

Jarðhræringar sem og eldsumbrot héldu áfram á Reykjanesskaganum í nálægð við Grindavík en Vísir ehf. er með frystihús og saltfiskvinnslu í bænum. Síðast gaus 1. apríl sl. og stóð gosið yfir í nokkrar klukkustundir. Starfsemi hófst aftur í húsnæði félagsins innan tveggja sólarhringa.

Á meðan óvíst er um framhald jarðhræringanna er enn hætta á truflun á daglegum rekstri en þrátt fyrir það telja stjórnendur rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar ekki í hættu.

# Skýringar

## 10. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu 2024 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 4 F 2024 | 3 F 2024 | 2 F 2024 | 1 F 2024 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 88.324.930 | 95.079.404 | 60.065.991 | 81.280.584 | 324.750.909 |
| Hagnaður af sölu eigna | 16.858 | 0 | 272.386 | 90.637 | 379.881 |
| Rekstrartekjur | **88.341.788** | **95.079.404** | **60.338.377** | **81.371.221** | **325.130.790** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 35.915.230 | 37.100.589 | 31.650.592 | 37.809.303 | 142.475.714 |
| Laun, aflahlutir annar starfsmannakostnaður | 23.989.656 | 23.767.235 | 19.504.615 | 21.818.197 | 89.079.703 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.270.175 | 1.718.627 | 2.613.826 | 2.536.970 | 9.139.598 |
| Sölutap | 208.945 | 219.931 | 0 | 0 | 428.876 |
| Rekstrargjöld | **62.384.006** | **62.806.382** | **53.769.033** | **62.164.470** | **241.123.891** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 25.957.782 | 32.273.022 | 6.569.344 | 19.206.751 | 84.006.899 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4.706.256 | 4.480.949 | 5.497.146 | 4.672.344 | 19.356.695 |
| Rekstrarhagnaður | **21.251.526** | **27.792.073** | **1.072.198** | **14.534.407** | **64.650.204** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (652.434) | (3.756.656) | (1.323.133) | (2.103.193) | (7.835.416) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (327.602) | 45.154 | (1.986.772) | 1.553.808 | (715.412) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | **20.271.490** | **24.080.571** | **(2.237.707)** | **13.985.022** | **56.099.376** |
| Tekjuskattur | (4.559.496) | (5.002.861) | 302.950 | (2.716.472) | (11.975.879) |
| Hagnaður tímabilsins | **15.711.994** | **19.077.710** | **(1.934.757)** | **11.268.550** | **44.123.497** |

Rekstur samstæðunnar á árinu 2025 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

| | 1 F 2025 | Samtals |
|---|---|---|
| Seldar vörur | 82.634.484 | 82.634.484 |
| Rekstrartekjur | **82.634.484** | **82.634.484** |
| Kostnaðarverð seldra vara | 35.998.787 | 35.998.787 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 22.026.550 | 22.026.550 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.438.874 | 2.438.874 |
| Rekstrargjöld | **60.464.211** | **60.464.211** |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 22.170.273 | 22.170.273 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4.508.491 | 4.508.491 |
| Rekstrarhagnaður | **17.661.782** | **17.661.782** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.355.735) | (1.355.735) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (5.936.159) | (5.936.159) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | **10.369.888** | **10.369.888** |
| Tekjuskattur | (3.086.838) | (3.086.838) |
| Hagnaður tímabilsins | **7.283.050** | **7.283.050** |